# GJALDSKRÁ

14
5. marz

fyrir

## Fiskiræktarfélagið Blanda.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þröm | 40 | einingar |
| 2. | Eldjárnsstaðir | 45 | — |
| 3. | Eiðsstaðir | 55 | — |
| 4. | Guðlaugsstaðir | 90 | — |
| 5. | Höllustaðir | 50 | — |
| 6. | Syðri-Löngumýri | 55 | — |
| 7. | Ytri-Löngumýri | 55 | — |
| 8. | Tungunes | 60 | — |
| 9. | Kárastaðir | 50 | — |
| 10. | Ásar | 45 | — |
| 11. | Hamar | 30 | — |
| 12. | Gunnfríðarstaðir | 30 | — |
| 13. | Kagaðarhóll | 40 | — |
| 14. | Smyrlaberg | 30 | — |
| 15. | Kaldakinn | 50 | — |
| 16. | Hnjúkar | 140 | — |
| 17. | Blönduós | 85 | — |
| 18. | Enni | 140 | — |
| 19. | Breiðavað | 45 | — |
| 20. | Björnólfsstaðir | 40 | — |
| 21. | Ystagil | 35 | — |
| 22. | Miðgil | 35 | — |
| 23. | Engihlíð | 45 | — |
| 24. | Glaumbær | 35 | — |
| 25. | Fremstagil | 50 | — |
| 26. | Geitaskarð | 60 | — |
| 27. | Holtastaðir með Kotinu | 75 | — |
| 28. | Hvammur | 40 | — |
| 29. | Móberg | 50 | — |
| 30. | Strjúgsstaðir | 30 | — |
| 31. | Gunnsteinsstaðir með Hólabæ | 75 | — |
| 32. | Auðólfsstaðir | 65 | — |
| 33. | Æsustaðir | 75 | — |

14
5. marz

| | | |
|---|---|---|
| 34. Gautsdalur | 30 | einingar |
| 35. Mörk | 30 | — |
| 36. Hvammur | 20 | — |
| 37. Mjóidalur | 30 | — |
| 38. Þverárdalur | 30 | — |
| 39. Kálfárdalur | 20 | — |
| 40. Bólstaðarhlíð | 90 | — |
| 41. Botnastaðir | 35 | — |
| 42. Gil | 45 | — |
| 43. Fjósar | 70 | — |
| 44. Skeggjastaðir | 70 | — |
| 45. Brattahlíð | 40 | — |
| 46. Brún | 45 | — |
| 47. Eiríksstaðir | 60 | — |
| 48. Torfustaðir | 40 | — |
| 49. Barkarstaðir | 55 | — |
| 50. Bergsstaðir | 70 | — |
| 51. Leifsstaðir með Steinárgerði | 50 | — |
| 52. Steiná | 60 | — |
| 53. Hóll | 30 | — |
| 54. Skottastaðir | 30 | — |
| 55. Hvammur | 45 | — |
| 56. Kúfustaðir | 30 | — |
| 57. Stafn | 60 | — |
| 58. Fossar | 35 | — |
| 59. Rugludalur | 50 | — |
| 60. Bollastaðir | 65 | — |
| 61. Eyvindarstaðir | 40 | — |
| 62. Austurhlíð | 45 | — |
| 63. Brandsstaðir | 55 | — |
| 64. Blöndudalshólar | 60 | — |
| 65. Syðra-Tungukot | 40 | — |
| 66. Finnstunga | 70 | — |
| 67. Ytra-Tungukot | 50 | — |
| Samtals | 3440 | einingar |

Kostnaði, sem leiðir af starfsemi fiskiræktarfélagsins, skal niður jafna á félagana miðað við þann einingafjölda, er hvílir á þeirri jörð eða jarðarhluta, sem hann á eða hefir veiðirétt á.

Framanrituð gjaldskrá er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. 14 5. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1930.

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

---

# HAFNARREGLUGERÐ 15 11. marz

fyrir

**Reyðarfjarðarkauptún.**

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofellda hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún:

## I. Takmörk hafnarinnar.

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Hellulækjarós, norðan fjarðarins í Handarhald, sunnan fjarðarins.

## II. Hafnargjöld.

Af öllum skipum, sem mæld eru til lestatals, 12 smálestir eða þar yfir (að undanteknum þeim, er síðar getur um) skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri nettó-smálest, í fyrsta sinn á hverju ári, er þau hafna sig á Reyðarfjarðarhöfn, án tillits til þess, hvort skipið kemur beint frá útlöndum eða frá höfnum innanlands.

Af skipum, sem hafna sig oftar en einu sinni á ári, skal greiða 2 aura af hverri nettó-smálest í annari og þriðju ferð, en oftar skal ekkert skip hafnargjald greiða, hversu oft sem það hafnar sig á árinu.

Undanþegin hafnargjaldi skulu:

1. Öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, ef þau afferma ekki né ferma annað en það, sem afla þeirra og útgerð snertir.